

Reykjavík 20.06.2017

Til: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hamraborg 9

200 Kópavogur

Kristindopnfjord@gmail.com

Frá: Björg Kristín Sigþórsdóttir

Rauðagerði 53

108 Reykjavík

**MÓTMÆLI VIÐ BORGARLÍNU ÁSAMT GAGNRÝNI OG KRÖFU UM AÐ  
SVÆÐISSKIPULAGTILLÖGU VERÐI FRESTAÐ ÞAR TIL NÝJAR  
KOSNINGAR HAFI FARIÐ FRAM OG EÐA GREINARBETRI TILLÖGUR  
SEM VÆRU SAMANBURÐARHÆFAR S.S. LÖG GERA RÁÐ FYRIR.  
GAGNRÝNT ER AÐ SAMHLIÐA ÞESSU SKIPULAGI FARI FRAM VINNA  
INNAN BÆJARFÉLAG VIÐ GERÐS NÝS AÐALSKIPULAGS SEM BYGGIR  
Á NÝJU SVÆÐISSKIPULAGI (Sjá nánar fundargerðir nefndarinnar).**

Undirrituð gerir eftirfarandi athugasemdir við Borgarlínu:

(Ath. þegar Reykjavík eða borg er nefnt er einnig átt við önnur sveitarfélög).

1. Fjármögnun verkefnis, mikilvægt er að kynna með nákvæmum hætti hver kostnaður við verkefnið er. Ekki hefur verið sýnt fram á hvernig staðið verði að fjármögnun. Ekki er gerð grein fyrir hvort notendur greiði sama fjargjald, hærra eða lægra fjargjald en notendur þjónustu greiði fyrir í dag. Er gert ráð fyrir að skattgreiðendur greiði meira en þeir gera í dag.
2. Það er verið að leggja mikið af verðmætu landssvæði undir litla nýtingu til að auka hraða flutninga þegar núverandi kerfi með strætóreinum hefur aukið hraða umtalsvert, þrátt fyrir það hafa spár Strætó um farþega fjölda fyrir árið 2017 ekki náðst. Árlega keyrir Strætó um 9 milljón km. með rúmar 11 millj. farþega (Ársskýrsla Strætó 2016). Strætó er ekki umhverfisvænt fyrirtæki í stað þess að ráðast tafarlaust í umhverfisvænni farartæki s.s. rafmagnsvagna eru notaðir vagnar sem eyða um 45 lítrum af jarðeldsneyti eða meira á hundraði (Besta leiðin). Besta leiðin er á góðri leið með gera fólk sem býr við samgönguása að veiku fólki bæði vegna svifryks sem er yfir heilsuverndar mörkum, umhverfisráðherra fann ráð við með því að fjölga þeim dögum sem rykið má fara yfir viðmiðunarmörk. Hvorki ríki né bæjarfélög og þá sérstaklega Reykjavík hafa virt lög og reglugerðir um hljóðmengun. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2002/49/EC varðar mat og stjórnun á hávaða frá umhverfinu. Markmið tilskipunarinnar er að skilgreina sameiginlega nálgun til þess að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr á skipulagðan hátt skaðlegum áhrifum, þar með talið ónæði, vegna hávaða frá umhverfinu.
3. Undirrituð telur óljóst að hægt sé að ná markmiðum um aukið hlutfall þeirra sem nýta sér Strætó, umhverfislegur ávinningur er auk þess óljós eins og áður hefur verið bent á er hægt



að ná umhverfislegum ávinningi strax með því að hætta að nota jarðeldsneyti eða draga verulega úr því strax. Það er ótrúlegt að Reykjavík segist vera í fararbroddi í umhverfismálum en staðreyndin er því miður önnur. Ábyrgð ríkis og borgar er mikil. Með áætlun um sér vegi fyrir Strætó á að taka meira landssvæði en þörf er á í stað þess að hafa blandaða umferð þar sem gætt er sérstaklega að almenningssamgöngum.

4. Vinnubrögðum við svæðisskipulag harðlega mótmælt það er verið að flýta sér um of í við gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er tekið til endurskoðunar að kosningum loknum og skal tilkynna til Skipulagsstofnunar hvort geri eigi breytingar eða ekki (Sjá nánar lög hér fyrir aftan). Nú vill svo til að gerðar voru breytingar á svæðisskipulagi að loknum síðustu kosningum sem voru árið 2014. Undirrituð telur að Reykjavíkurborg og aðliggjandi sveitarfélög eigi að kynna þetta mál betur auk þess sem samanburður þurfi að liggja fyrir um mismunandi kosti varðandi samgöngumál og hluti af þeim er almennings samgöngur. Borgarlína er flott nafn yfir eitthvað sem einhver á borga fyrir og einhverjir eiga að ferðast með.
5. Fólkið í borginni í yfirlýsingum forráðamanna og þeirra sem hafa kynnt borgarlínu m.a. samgöngustjóri Reykjavíkur hefur hann sagt að umhverfismál séu í 2 sæti (kynning hjá Viðreisn, hefur verið aðgengileg á Facebook síðu flokksins). Haft hefur verið eftir öðrum í fréttatímum að það eigi að gera eignir fólks upptækar þ.e. með eignanámi. Taka lóðir og bílastæði af fólki s.s. við Hringbraut.
6. Gerð er krafa um að Reykjavíkurborg og ríkið upplýsi íbúa í þessarar borgar um hverjar séu fyriráætlanir um þéttingu byggðar og sérstaklega þar sem sérhagsmunir eru um að ræða við þessa samgönguása (stofnbrautir). Þar sem svæðisskipulag er upphafið að þessari árás hins opinbera á friðhelgi og eignarrétt fólks er mikilvægt á þessu stigi málsins að fyrir liggji nákvæmar upplýsingar um staðsetningar Borgarlínu og hvaða áhrif það hefur á græn svæði, gróður og dýralíf s.s. fugla. Hugsanlegar mótvægis aðgerðir, umhverfismat og samráð við íbúa sem fyrir búa á svæðinu. Ýmis önnur mál s.s. háspennustrengir, hljóðvist og mengunarvarnir.
7. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg og ríkið fari eftir Evróputilskipunum hvað varðar lýðheilsu íbúa.
8. Krafa er gerð um að Reykjavíkurborg og ríkið bregðist strax við mengun og auki hljóðvist tafarlaust. Fólki líður ekki vel í þessari borg. Við erum ekki kröfuharðir íbúar, þegar við þurfum að færa okkur um set eða á milli herbergja vegna hávaða og eða mengunar er ástandið ekki gott en það er því miður staðreynd fyrir íbúa sem búa í Rauðagerði, Tunguveg, Ásenda og Byggðarenda ásamt götum sem eru í nágrenni við þessar götur.
9. Gerð er krafa um að svæðisskipulagi þessu verði slegið á frest fram yfir næstu kosningar á næsta ári. Tíminn þangað til verði notaður til að upplýsa og samráði við íbúa og aðra hagsmuna aðila. Jafnframt er þess krafist að aðalskipulagi samkv. 30 gr. Skipulagslaga verði frestað fram yfir næstu kosningar eins og lög gera ráð fyrir. Undirrituð telur að það samræmist ekki lögum að svæðisskipulag og aðalskipulag sé til umfjöllunar hjá sveitarstjórnnum samhliða þar sem að aðalskipulag byggir á svæðisskipulagi.
10. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um Miklubraut sem er til móts við Rauðagerði, Tunguveg og Ásenda auk svæðis sem nær að Sprengisandi. Greinilegt er er að fyrir liggja upplýsingar og áætlanir sem mikilvægt er að séu upplýstar á þessu stigi málsins.
11. Athugasemd er gerð við að 4% af þeim sem nýta sér samgöngur á svæðinu noti Strætó. Þær upplýsingar eru samkvæmt framlögðum gögnum ekki marktækar byggja á 5-6 ára gömlum upplýsingum. Því er jafnframt mótmælt að enn er verið að bíða eftir frekari gögnum og upplýsingum ráðgjafa verkefnis, mikilvægt að allar upplýsingar liggja fyrir á þessu stigi málsins.
12. Gerð er veruleg athugasemd að ekki liggja fyrir í hverju fyrsta áfanga verkefnis sé háttað s.s. hvaða götur og umhverfi veri byrjað á. Verður t.d. Borgarlína með sérstyrktu undirlagi til að



undirbúa hugsanlega lestar samgöngur eftir 20 ár. Mikilvægt er að taka ákvarðanir um hvar Borgarlína liggur ekki halda því opnu hvort hún liggur t.d. á milli Suðurlandsbrautar og Miklubrautar, það er verið að leggja fram framkvæmd sem er á bilinu 100 -200 milljarðar með vögnum sem þarf að fjárfesta í. En í kynningu er sagt að það sé rekstrarkostnaður þ.e. fjárfesting ökutækja. Heildarstofnkostnaður er ca. 100 milljörðum eða um 400.000 kr. til 1.000.000 kr. á hvern íbúa. Fer eftir því hver heildarkostnaður verður, auk þess verður að skoða framtíðina hvort það verður fjárfesting á svæðinu, ef nágretta sveitarfélög geta boðið upp á ódýrari lóðir gæti jafnvel orðið fjárfesting á svæðinu.

13. Allt tal um að fasteignaverð hækki við Borgarlínu er úr lausu lofti gripnar engin veit eða hefur getað sýnt fram á það með rökum. Undirrituð telur að talsmenn Borgarlínu sé búnir að telja sjálfum sér trú um að Borgarlína skuli koma og hún sem það eina rétta. Tökum umræðuna.
14. Forsvarsmenn Borgarlínu eru svo ákafir að bregðast við gagnrýni að undirrituð hefur átt fullt í fangi að fylgjast með nýjum gögnum berast inn á vef ssh.is því miður hafa þær skýrslur og gögn sem hafa bæst við ekki verið þýddar yfir á íslenskt mál sem verður að teljast forsenda fyrir því að fram fari ítarleg og góð kynning á íslensku samkvæmt lögum.

#### 26. gr. Endurskoðun svæðisskipulags.

☐ Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins. Um málsmæðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. [Skal ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir.]<sup>21</sup>

<sup>21</sup>L. 59/2014, 11. gr.

#### IV. kafli. Gerð og framkvæmd skipulagsáætlana.

##### ■ 12. gr. Skipulagsskylda.

☐ Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ámynd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

☐ Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðapróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur, landslag, náttúruvá o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.

☐ Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér. [M.a. skal gera grein fyrir þeim svæðum innan skipulagssvæðisins sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða öðrum lögum, þar á meðal náttúruminjum í A-, B- og C-hluta náttúruminjaskrár og náttúrufyrirbærum sem njóta verndar skv. [61. gr.]<sup>22</sup> laga um náttúruvernd.]<sup>23</sup>

☐ Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu.

☐ Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

☐ Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningar sögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð



skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd. [Jafnframt skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð.]<sup>31</sup>

☐ Gildandi skipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulag er rétt hærra en aðalskipulag og aðalskipulag rétt hærra en deiliskipulag. Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skulu sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu.

☐ Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

<sup>31</sup>L. 109/2015, 36. gr. <sup>32</sup>L. 60/2013, 95. gr. <sup>33</sup>L. 87/2015, 12. gr.

#### ■ 15. gr. Útgáfa og gildistími framkvæmdaleyfis.

☐ Útgáfa framkvæmdaleyfis er háð eftirtöldum skilyrðum:

1. Sveitarstjórn, eða annar aðili sem hún hefur falið það vald, sbr. 6. gr., hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis.

2. Framkvæmdaleyfisgjald og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

☐ Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá [samþykki sveitarstjórnar fyrir veitingu leyfisins].<sup>34</sup> Nú stöðvast framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd í eitt ár eða lengur og getur sveitarstjórn þá felld framkvæmdaleyfið úr gildi.

☐ Hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í [eitt]<sup>35</sup> ár getur sveitarstjórn að tillögu skipulagsnefndar með þriggja mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa.

#### 16. gr. Eftirlit sveitarfélaga.

☐ Sveitarstjórn hefur eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við útgefið framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal ætíð vera eftirlitsmönnum aðgengilegt.

☐ Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar ábótavant eða stafi af henni hætta að mati sveitarstjórnar skal hún gera framkvæmdaraðila viðvart um það og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

☐ Sveitarstjórn er heimilt við umfangsmiklar framkvæmdir, sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og aðra leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Framkvæmdaraðili ber allan kostnað af starfi nefndarinnar.

☐ [Þegar um er að ræða efnistöku getur sveitarstjórn krafist þess að námuréttarhafi leggi fram tryggingu sem hún telur fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökusvæða. Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Sveitarstjórn getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um frágang efnistökusvæða í reglugerð.]<sup>36</sup>

<sup>34</sup>L. 60/2013, 95. gr.

3.1.2 Greining vinnusóknar- og þjónustusvæða Skipulagsstofnun, í samstarfi við Byggðastofnun, innanríkisráðuneytið, Vegagerðina, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, vinni að samræmdri greiningu á vinnusóknar- og þjónustusvæðum stærstu þéttbýlisstaða og kortlagningu virkra borgarsvæða.


3.3.2 Heilnæmt umhverfi Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.



Heilnæmt umhverfi Einnig er mikilvægt að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að heilnæmu umhverfi með tilliti til vatnsgæða, loftgæða, hljóðvistar og annarra umhverfsgæða. Auka má gæði og heilnæmi hins byggða umhverfis til dæmis með skipulagðri skóg- og trjárækt. Í skipulagsáætlunum þarf að gera ráð fyrir landrými, aðstöðu og aðgerðum til að tryggja vatnsból, fráveitu og aðra þætti sem varða heilnæmt umhverfi. Huga þarf að nýjum leiðum varðandi úrgangsmeðhöndlun og nýtni við auðlindanotkun. Einnig getur verið tilefni til að skoða möguleika á svokölluðum sjálfbærum, eða blágrænum, ofanvatnslausnum, þ.e. að vatn sem fellur sem úrkoma eigi leið um gegndræpt yfirborð í jarðveg innan viðkomandi vatnasviðs, fremur en að því sé veitt burt af viðkomandi svæði um hefðbundnar fráveitulagnir.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er stefnt að heildstæðri tengingu sveitarfélaganna með almenningssamgöngu- og þróunarási og sett fram stefna um nýtt almenningssamgöngukerfi.

SSH.IS



1. Valkostir frá miðbæ Hafnarfjarðar að Hafnarfjarðarvegi
  - Um Fjarðargötu og Reykjavíkurveg
  - Um Lækjargötu, Álfaskeið og Fjarðahraun
2. Valkostir frá Arnarneshálsi að Hamraborg
  - Eftir Hafnarfjarðarvegi
  - Með viðkomu í Smáralind eftir Arnarnesvegi og Fífuhvamsvegi eða Smárahvamsvegi
3. Valkostir frá Fossvogi að Kringlu
  - Eftir Kringlumýrarbraut
  - Eftir Fossvogsvegi, Háaleitisbraut og Listabraut



4. Möguleg tenging milli Miklubrautar og Suðurlandsbrautar
5. Valkostir frá BSÍ að Fríkirkjuvegi
  - Eftir Sóleyjargötu
  - Eftir Hringbraut, Suðurgötu og Skothúsvegi

Umhverfisstofnun hefur látið útbúa leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar í samræmi við 11. grein í reglugerð nr. 724/2008, um hávaða.

Um er að ræða mæliaðferðir til nota við eftirfarandi mælingar á hljóðstigi:

- Vegna umferðar frá vegum
- Vegna flugumferðar
- Vegna hávaða frá atvinnustarfsemi
- Vegna hávaða á samkomum



## á vegum

Lagt er að jöfnu hvort hljóðstig frá umferð er mælt með tilgreindum mæliaðferðum, eða reiknað út með samnorrænu reiknilíkani fyrir umferðarhávaða. Í báðum tilvikum er niðurstaða miðuð við tilteknar veðurfarslegar aðstæður og leiðrétt miðuð við meðaltals-umferðaraðstæður, bæði varðandi samsetningu umferðar, umferðarmagn og hraða.

Þessar mæliaðferðir miðast við að mælt sé allan daginn, allt kvöldið og alla nóttina. Einnig er þó leyft að mæla í styttri tíma og á sama tíma er þá talin sú umferð sem fer framhjá mælistaðnum, bæði léttir bílar (fólksbílar) og þungir bílar. Einnig skal mæla eða áætla meðalhraða bæði létttra bíla og þungra bíla sem framhjá fara á mælitíma. Þetta má gera með radarmælingum, eða tímamælingum milli fastra punkta (t.d. ljósastaura) eða með því að aka eftir veginum nokkrum sinnum, fylgja umferðinni og lesa af hraðamæli bílsins.

Meðfylgjandi er aðgerðaráætlun gegn hávaða frá janúar 2014, send til Umhverfisstofnunar og Evrópusambandsins frá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg.

SAMANBURÐUR HÁVAÐAVÍSA – HLJÓÐMÆLINGAR OG GREINING Ólafur Daníelsson



## VI. kafli. Svæðisskipulagsáætlanir.

### ■ 21. gr. Svæðisskipulag.

☐ Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.

☐ Svæðisskipulag skal taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda. Við gerð svæðisskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara og landsskipulagsstefnu.

☐ Stefnumörkun svæðisskipulags skal taka til a.m.k. tólf ára tímabils.

☐ Svæðisskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð. Þar skal koma fram rökstudd stefna sveitarfélaganna varðandi byggðapróun ásamt umhverfismati svæðisskipulagsins. Að því marki sem tilefni er til að marka stefnu um staðbundnar ákvarðanir í svæðisskipulagi skal svæðisskipulag jafnframt sett fram á þemauppráttum með greinargerð og/eða sérstökum skipulagsupprætti.

☐ Um gerð og framsetningu svæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. og ákvæði í skipulagsreglugerð.

### ■ 22. gr. Ábyrgð á gerð og afgreiðslu svæðisskipulags.

☐ Á svæðum þar sem sveitarfélög telja þörf á að setja fram sameiginlega stefnu um byggðapróun eða einstaka þætti landnotkunar geta hlutaðeigandi sveitarfélög gert svæðisskipulag. Skulu þá hlutaðeigandi sveitarfélög skipa svæðisskipulagsnefnd, sbr. 9. gr.

☐ Svæðisskipulag skal vera í gildi fyrir sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins. Til höfuðborgarsvæðis teljast Hafnarfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Garðabær, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur. Þessi sveitarfélög geta gert samkomulag við önnur nærliggjandi sveitarfélög um aðild þeirra að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

☐ Svæðisskipulagsnefnd annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulags undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna.

☐ Svæðisskipulag er háð samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna [og [staðfestingu Skipulagsstofnunar eða] <sup>1)</sup> [ráðherra] <sup>2)</sup> í þeim tilvikum þegar hann skal staðfesta svæðisskipulag]. <sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 59/2014, 9. gr. <sup>2)</sup>L. 126/2011, 536. gr. <sup>3)</sup>L. 160/2010, 65. gr.

### ■ 23. gr. Gerð svæðisskipulags, kynning og samráð.

☐ Þegar vinna við gerð svæðisskipulagstillögu hefst skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga. Í skipulagsreglugerð skal nánar kveðið á um lýsingu skipulagsverkefnis.

☐ Áður en tillaga að svæðisskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í svæðisskipulagsnefnd skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, ef við á, kynnt fyrir almenningi á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

☐ Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal endanleg svæðisskipulagstillaga lögð fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar. Svæðisskipulagsnefnd skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 24. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi



ekki settum kröfum um svæðisskipulag skal hún leita samkomulags við svæðisskipulagsnefnd um breytingar. Náist ekki samkomulag er svæðisskipulagsnefnd engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

■ **24. gr. Auglýsing svæðisskipulagstillögu.**

☐ Svæðisskipulagsnefnd skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi með áberandi hætti og í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal liggja frammi hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum og Skipulagsstofnun og auk þess vera aðgengileg á netinu. Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli athugasemdum.

■ **25. gr. Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulags.**

☐ Þegar frestur til athugasemda skv. 24. gr. er liðinn skal svæðisskipulagsnefnd fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal nefndin taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

☐ Svæðisskipulagsnefnd sendir innan tólf vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna senda svæðisskipulagsnefndinni afgreiðslur sínar.

☐ Þegar svæðisskipulagið hefur verið samþykkt að öllu leyti eða að hluta sendir svæðisskipulagsnefnd tillögu sína að svæðisskipulagi til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum svæðisskipulagsnefndar um þær. Jafnframt skal svæðisskipulagsnefnd auglýsa niðurstöðu sína og senda þeim aðilum sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.

☐ Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga að svæðisskipulagi barst henni staðfesta svæðisskipulagstillöguna og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af [hlutaðeigandi sveitarstjórnnum], „hlotið staðfestingu Skipulagsstofnunar og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

☐ Telji Skipulagsstofnun að synja beri svæðisskipulagi staðfestingar skal hún senda tillögu um það til [ráðherra] „innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að svæðisskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar eða á gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar svæðisskipulagsnefndar.

☐ Ráðherra synjar eða staðfestir svæðisskipulag skv. 5. mgr. Staðfest svæðisskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Slíkt svæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórnnum, hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

☐ Þau sveitarfélög sem aðild eiga að svæðisskipulagi eru bundin af stefnu þess við gerð aðalskipulags.

„L. 59/2014, 10. gr. „L. 126/2011, 536. gr.

■ **26. gr. Endurskoðun svæðisskipulags.**

☐ Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs svæðisskipulags væri að ræða. Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. [Skal ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskiótt og hún liggur fyrir.] „

„L. 59/2014, 11. gr.

■ **27. gr. Breytingar á svæðisskipulagi.**



☐ Nú telur svæðisskipulagsnefnd að gera þurfi breytingu á gildandi svæðisskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 22.–25. gr.

**30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.**

☐ Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar.

☐ Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, þegar við á, kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

☐ Að lokinni kynningu skv. 2. mgr. skal aðalskipulagstillagan lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Sveitarstjórn skal að lokinni umfjöllun sinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 31. gr. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu síður heimilt að auglýsa tillöguna en athugasemdir Skipulagsstofnunar skulu þá jafnframt auglýstar og liggja frammi með tillögunni.

Ítrekuð er sú krafa að undirrituð verði upplýst um áætlanir vegna samgönguáása, en undirrituð býr við einn slíkan þ.e. Miklubraut til móts við Rauðagerði, Ásenda og Tunguvegar. Gerð er sérstök krafa um að **Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu upplýsi um hverjar fyriráætlanir Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar eru varðandi Borgarlínu**. Nú liggur fyrir að ríki og borg hefur ekki uppfyllt lög og reglur um hljóðvist og mengunarvarnir. Gerð er krafa um ítarlega úttekt á þessum málum þar sem íbúar verði með í ráðum um bestu lausnir og úrlausn þessara mála.

Vakin er athygli á að Ísland hefur skuldbundið sig til að fara að tilskipunum Evrópusambandsins.

Virðingarfyllt,

Björg Kristín Sigþórsdóttir

Rauðagerði 53

108 Reykjavík